

Mánudaginn hinn 23. nóvembermánaðar.

Nr. 34/1908:

Pétur Zóphoniásson
 gegn
 Jóni Sigmundssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Jón Sigmundsson gullsmiður í Reykjavík gegn Péttri ritstjóra Zóphoniássyni og krafðist af honum skaðabóta og endurgreiðslu á samtals 1018 kr. 08 a. útaf rofi á kaupsamningi um hús og var málið dæmt í bæjarþingsrétti Reykjavíkur 25. júní þ. á. á þá leið, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda hina umkröfðu upphæð, þó svo, að hún er talin 1018 kr. 18 a. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir ritstjóri Pétur Zóphoniásson skotið til yfirdómsins með stefnu dagsettri 8. júlí þ. á., og fengið jafnframt konunglegt leyfisbréf til að leggja fram ný sönnunargögn í málinu. Hefir þess verið krafist af hans hálfu fyrir yfirdómnum, að hinn áfrýjandi dómur verði úr gildi feldur og að áfrýjandinn verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum stefnda, og stefndi dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins.

Með kaupsamningi dags. 4. desbr. f. á. seldi áfrýjandi stefnda húseign sína við Smiðjustíg í Reykjavík fyrir 9000 kr., er skyldu greiðast svo, að stefndi tæki að sér veðskuldir, er á húsinu hvíldu, samtals 6681 kr. 92 a., en greiddi áfrýjanda afganginn 2318 kr. 08 a.

kr. 518,08 um leið og samningurinn var undirskrifaður, en 1800 kr. eigi síðar en 1. marz þ. á., og skyldi stefndi þá fá afsalsbréf fyrir eigninni. Ef áfrýjandi riftaði kaupum á eigninni eða ryfi samninginn á annan hátt, skyldi hann greiða stefnda í skaðabætur 500 kr., og ryfi stefndi samninginn, t. d. með því að greiða eigi hinar áskildu 1800 kr. 1. marz þ. á, skyldi 518 kr. 08 a. afborgunin falla til áfrýjanda sem skaðabætur.

Stefndi greiddi áfrýjanda hinar tilskildu 518 kr. 08 a. við undirskrift samningsins, þannig að hann fekk áfrýjanda gullsmíðisgripí upp í þá afborgun, er námu greindri upphæð, og er enginn ágreiningur um, að stefndi hafi uppfyllt ákvæði samningsins að því er þessa greiðslu snertir.

En þegar stefndi fyrir 1. marz þ. á. ætlaði að greiða áfrýjanda síðari afborgunina 1800 kr. einnig með gullsmíðisgripum, neitaði áfrýjandi að taka við svo lagaðri borgun og að gefa stefnda afsalsbréf fyrir eigninni, og áleit þá stefndi samninginn rofinn af hans hálfu, og krafðist endurborgunar á því, er hann hafði þegar greitt upp í húsið, 518 kr. 08 a. og skaðabóta samkvæmt samningnum, 500 kr. Áfrýjandi álitur á hinn bóginn, að stefndi hafi rofið samninginn með því að greiða eigi í löglegum eyri (peningum) afborgun þá, 1800 kr., er áskilin var fyrir 1. marz þ. á. og telur því fallnar til sín þær 518 kr. 08 a., er stefndi greiddi við samningsgerðina.

Stefndi hefir haldið því fram og stutt það með vitnisburði tveggja manna, er tekinn hefir verið gildur af málsaðilum sem eiðfestur væri, að svo hafi verið um samið munnlega milli málsaðila áður en og um leið og

samningurinn 4. desbr. var gerður, að stefndi mætti greiða það af húsverðinu, er umfram var veðskuldir, með gullsmíðisgripum með venjulegu útsöluverði, og samkvæmt þessu munnlega umtali hafi hann greitt 518 kr. 08 a. í gullsmíðisgripum og boðið fram síðari afborgunina á sama hátt. Hafi hann síðustu dagana í febrúar þ. á. margkallað áfryjanda til sín, til þess að líta á gripi þá, er hann hafði aflað sér til afborgunarinnar, og hafi áfryjandi loks komið 4. eða 5. marz á vinnustofu stefnda, látið sér vel líka munina og verð þeirra og lofað að koma síðar og taka þá, en svo ekki fengist til þess síðar.

Áfryjandinn hefir neitað því, að nokkurt slíkt umtal hafi átt sér stað milli hans og stefnda um breytingu á samningnum 4. desbr. f. á., er heimilaði stefnda að greiða húsverðið með öðru en peningum, og hann hefir kannast við það eitt, að eins og hann hafi gert það fyrir stefnda að taka við 518 kr. 08 a. í gullsmíðisgripum er samningurinn var undirskifaður, af því að stefndi hafi ekki haft annað til að borga með þá afborgun, eins hafi hann eftir beiðni stefnda, þegar að síðari afborguninni kom, gert það fyrir hann að líta á gullsmíðisgripi hjá honum, er hann vildi að hann tæki upp í afborgunina, en sér hafi ekki litist svo á þá eða verð þeirra, að hann hafi viljað taka þá og hafi hann aftekið það með öllu þegar í stað.

Eins og áður er sagt, eru vitnisburðir tveggja manna fyrir því, að svo hafi frá upphafi verið um samið munnlega, að stefndi mætti greiða afborgunirnar af húsverðinu í gullsmíðisgripum með venjulegu útsöluverði, og þar sem það verður að álitast viðurkennt af áfryjanda að stefndi hafi gert honum kost á borgun í þessum mun-

um fyrir hinn áskilda greiðsludag, 1. marz þ. á., verða úrslit málsins undir því komin, hvort vitnisburðir þessara manna geti álitist ábyggilegir, svo að það verði álitid sannað með þeim, að áfrýjandi hafi verið skyldur til að taka við borgun í þessum munum, er stefndi hefir boðið fram.

Áfrýjandinn hefir mótmælt gildi beggja vitnanna. Annað þeirra, Árna Sigurbjörnsson, telur hann vilhalt vitni af því, að hann hafði umboð áfrýjanda til að selja húsið fyrir hann og átti að fá sölulaun fyrir, ef kaupin gengju í gegn, en þessi sölulaun færi Árni á mis við, ef kaupin ónýttust fyrir óskilsemi kaupanda (stefnda). Eftir skýrslum málsins virðist þó mega ganga út frá því, að það sé rétt, sem stefndi hefir haldið fram, að Árni Sigurbjörnsson hafi þegar verið búinn að vinna til sölulauna þeirra, er hann átti að fá, þá er kaupsamningurinn var fullgjörður og fyrri afborgunin, 518 kr. 08 a., sem ef til kæmi átti að vera uppbót fyrir vanefndir á samningnum, var komin í hendur áfrýjanda, enda er það og viðurkent, að Árni var þegar búinn að fá greiddan meiri hluta sölulaunanna, sem alls voru 180 kr., áður en hann bar vitni í málinu. Það verður því ekki álitid, að vitnisburður þessa vitnis hafi getað haft áhrif á rétt hans til sölulauna, svo að hann verði óábyggilegur fyrir þá sök. Vitnið Árni Sigurbjörnsson var einnig annar hinna tilkvöddu vitundarvotta er kaupin voru gerð 4. desbr. f. á., og virðist þá áfrýjandi hafa fyrirfram samþykkt hann sem löggilt vitni í væntanlegu máli út af samningnum.

Að því er hitt vitni stefnda áhrærir, Magnús Júlíus Dalhoff gullsmið, þá hefir áfrýjandi fyrir yfirdóminum

haldið því fram, að hann geti ekki talist löggilt vitni í máli þessu, í fyrsta lagi af því, að hann sé eyðilagður maður af ofdrykkju, hafi verið sidrukkinn frá því löngu áður en samningar þeir gjörðust 4. desbr. f. á., er hann hefir borið vitni um, og fram yfir þann tíma, er hann bar vitni í málinu, enda muni hann tæplega hafa verið alls gáður er hann ritaði undir vottorð sitt í málinu. Áfryjandinn hefir og lagt fram í yfirdómi vottorð forstöðumannsins á geðveikrahælinu á Kleppi, dags. í júlí þ. á., þar sem sagt er að Magnús Dalhoff hafi verið fluttur á geðveikrahælið 5. jan. þ. á. og hafi þá lengi verið viti sínu fjær af vinnautn. Hann sé »alkholisti, siðferðislega og siðgæðislega skemdur af ofdrykkju«, og hann hafi strokið af geðveikrahælinu 7. s. m. Í öðru lagi telur áfryjandinn Magnús Dalhoff ógilt vitni af því, að hann hafi verið þjónn stefnda, er hann bar vitni í málinu. Að því er síðari mótbárana snertir, þá má telja það upplýst, að Dalhoff var ekki á annan hátt í þjónustu stefnda, en að hann vann í akkorði fyrir hann að gullsmíði um nokkra mánuði fram til þess tíma, er hann bar vitni í málinu, en um það leyti virðist hann hafa hætt vinnu þar. En hann var ekki heimilismaður stefnda eða hjú hans, og eru þá ekki lög til að fella vitnisburðinn úr gildi fyrir þá sök. Að því er hitt atriðið snertir, þá er það nægilega sannað í málinu með óvæfengdum vottorðum ýmsra kunnugra og málsmetandí manna að Dalhoff hefir verið laus við drykkjuskaparóglu, en verið stöðugt við vinnu og alls gáður alla tíð frá því í fyrra vor (1907), að því undanteknu, að hann upp úr síðustu jólum drakk sig drukkinn og hélt þeirri óreglu fram í janúar, og varð það til þess að hann var fluttur

á geðveikrahælið, svo sem fyr er getið, hinn 5. jan. þ. á. En eftir að hann fór þaðan, eftir 2 daga, tók hann til vinnu aftur og hætti að drekka. Það er einnig vottað af áminstum vottorðsgefendum og af héraðslækni, er hefir sérstaklega athugað sálarástand Dalhoffs, að þeir hafi ekki séð þess neinn vott, að hann væri eigi alheill á geðsmunum og telur lækurinn allsendis ólíklegt að ræða sé þar um geðveiki, en vottorðsgefendurnir, sem hafa hitt Dalhoff næstuin daglega, segja hann hraustan mjög á sál og líkama, og nái hann sér strax aftur, þótt hann verði drukkinn, ef hann fái sofið úr sér. Af vottorði læknisins á Kleppi verður ekki ráðið, að drykkju-skaparóregla vitnisins hafi skemt hann þannig, að hann ódrukkinn hafi ekki almenna eftirtekt og skilning, og þegar af þessari ástæðu getur vottorð læknis þessa, gagnvart skýrslum þeim, er fyrir liggja frá nákunnugum mönnum og frá héraðslækni og áður hefir verið um getið, ekki hnekt vitnisburði vitnisins Dalhoffs sem fullgilds vitnis.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að stefndi hafi sannað það með hinum leiddu tveimur vitnum, að svo hafi verið um samið munnlega milli málsaðila, að stefndi mætti greiða 1800 kr. afborgunina upp í húsið með gullsmíðisgripum með venjulegu útsöluverði; ber því að skylda áfrýjanda til þess, eins og gjört hefir verið með hinum áfrýjaða dómi, að greiða stefnda 518 kr. 08 a. sem andvirði fyrir framangreinda smíðisgripi og 500 kr. í skaðabætur fyrir sammingsrof, eða alls 1018 kr. 08 a. ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og í málskostnað fyrir báðum dómum 60 kr.

Því dæmist rétt vera:

Afrýjandinn Pétur Zóphoniasson greiði stefnda Jóni Sigmundssyni 1018 kr. 08 a. með 6% vöxtum p. a. frá sáttakærudegi til borgunardags og 60 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn hinn 30. nóvembermánaðar.

Nr. 29/1908: Hannes Thorsteinsson fyrir hönd
Leontio Warburgs Sön & Co.
gegn
Árna Sveinssyni.

D ó m u r:

Bankaritari Hannes Thorsteinsson höfðaði fyrir hönd firmans Leontio Warburgs Sön & Co. í Kaupmannahöfn mál þetta fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn hinum stefnda, Árna kaupmanni Sveinssyni á Ísafirði, til greiðslu á skuld að upphæð 6389 kr. 13 a. ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1906 til borgunardags svo og til málskostnaðargreiðslu. Lauk máli þessu þannig, að með »úrskurði« nefnds réttar, uppkveðnum hinn 16. desbr. f. á., var málinu samkvæmt kröfu stefnda vísað frá réttinum. Úrskurði þessum hefir afrýjandinn, Hannes Thorsteinsson, fyrir hönd firmans Leontio Warburgs